



ÍÞRÓTTABANDALAG  
REYKJAVÍKUR

Mætt á fundinn : Ingvar Sverrisson,  
Örn Andrésson,  
Lilja Sigurðardóttir,  
Jónas Sigurðsson  
Gígja Gunnarsdóttir,  
Þórdís Gísladóttir  
Viggó Viggósson,  
Guðrún Ósk Jakobsdóttir,

Frímenn Ari Ferdinandsson

## 1509. stjórnarfundur,

27.4. 2011 kl. 12:00.

- 
1. Fundargerð 1508. fundar.  
Samþykkt.
  2. Þing ÍBR – tillögur stjórnar.  
Samþykkt niðurröðun flutningsmanna.
  3. Skautahöllin í Laugardal – sumaropnun.  
Málið kynnt og rætt. Opið verður fyrir æfingar og almenning í maí en einungis æfingar í júní. Skautafélagið og Skautasambandið greiða kostnað að hluta en gert er ráð fyrir að almenningstímar greiði hluta. Dugi það ekki til mun Skautafélagið taka þátt í að minnka kostnað eða auka tekjur næsta vetur.
  4. Afmæli Vals.  
Ræddar tillögur að heiðursveitingum til Valsmanna. Samþykkt að fela formanni og framkvæmdastjóra að ljúka málinu.
  5. Rathlaupsfélagið Hekla - Staðfesting aðildar.  
Samþykkt aðild Rathlaupsfélagsins Heklu að bandalaginu.
  6. Hjólreiðafélagið Tindur – aðildarumsókn.  
Samþykkt að setja umsókn í hefðbundinn farveg.
  7. Erindi til DSÍ vegna klæðnaðar í dansi.  
Samþykkt að senda DSÍ erindi vegna klæðnaðar í dansi.
  8. Gullmerki ÍBR.  
Samþykkt að veita Jónasi Sigurðssyni gullmerki ÍBR.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13.30

Frímenn Ari Ferdinandsson  
fundarritari